

SAMÞYKKTAR REGLUR UM UMGENGNI UM HÚSNÆÐIÐ SELJAVEG 32.

Reglurnar fylgja húsaleigusamningi og eru hluti hans.

- 1. gr.** Vinnustofur að Seljavegi 32 eru eingöngu framleigðar til félagsmanna SÍM. Framleigutaki skal kynna sér reglur þessar og skuldbindur sig til þess að hlíta þeim í hvívetna með undirritun sinni. Að öðru leyti gilda almennar umgengisreglur fjölbýlishúsa eftir því sem við á.
- 2. gr.** Áhersla er lögð á að umrætt húsnæði er í miðju íbúðahverfi í Reykjavík. Framleigutaki skal því gæta þess í hvívetna að starfsemi hans í húsinu valdi ekki óþægindum, truflunum eða ónæði í næsta nágrenni, sérstaklega um kvöld og nætur.
- 3.gr.** Framleigutaki skal gæta þess í hvívetna að starfsemi hans í húsinu valdi öðrum framleigutökum ekki óþægindum eða truflunum. Á þetta jafnframt við um truflandi hávaða / tónlist.
- 4. gr.** Búseta framleigutaka í húsnæðinu er óheimil. Vinnustofurnar eru eingöngu ætlaðar sem vinnustaður, óheimilt er að nota vinnustofuna sem geymslu.
- 5. gr.** Framleigutaki hefur aðgang að sameiginlegu vinnurými á 1. hæð. Þar er hægt að vinna að sérstökum verkefnum sem ekki rúmast innan leigðrar vinnustofu. Í lok dags skal framleigutaki ganga þannig frá öllum sínum hlutum að vinna hans trufla sem minnst aðgengi annarra framleigutaka að hinu sameiginlega vinnurými. Óheimilt er að skilja eftir hluti, þ.m.t. listaverk í hinu sameiginlega vinnurými sem ekki eiga þar heima.
- 6. gr.** Framleigutaki skal ganga vel og snyrtilega um sameiginleg rými, þ.e.a.s. stigagang, ganga, snyrtingar og önnur opin rými og halda þeim hreinum og snyrtilegum. Óheimilt er að skilja eftir hluti, þ.m.t. listaverk, á göngum hússins sem ekki eiga þar heima. Persónulega hluti skal ætíð geyma inni á viðkomandi vinnustofu.
- 7. gr.** Framleigutaki skal ganga vel og snyrtilega um vinnustofu sína og skila henni í sama ástandi og hann tók við henni, hreinni og snyrtilegri. Hann skal tilkynna framkvæmdastjóra SÍM um allar skemmdir sem verða af hans völdum og bæta það tjón sem rakið verður til hans.
- 8. gr.** Framkvæmdastjóra SÍM er heimill aðgangur að hinu leigða til eftirlits og viðbragða ef upp koma óvæntar aðstæður. Ávallt skal þó hafa samráð um slíkt við framleigutaka, ef því verður við komið.
- 9. gr. Reykingar eru stranglega bannaðar innanhúss.**
- 10. gr.** Framleigutaki skal leggja bíl sínum á lóð eignarinnar norðanmegin við húsið en ekki við Seljavegin.
- 11. gr.** Framleigutaki skal tilkynna framkvæmdastjóra SÍM um allar breytingar sem kunna að verða á högum hans er varða húsnæðið.
- 12.gr.** Framleiga framleigutaka á hinu leigða til 3ja aðila er óheimil án samþykkis framkvæmdastjóra SÍM.
- 13. gr.** Framleigutaki ber alfarið ábyrgð á innréttingum og búnaði í húsnæðinu og ber að bæta fyrir þær skemmdir sem raktar verða til hans. Hann ber einnig ábyrgð á tjóni sem gestir á hans vegum kunna að valda í húsnæðinu.
- 14. gr.** Brot á umgengnisreglum þessum getur leitt til tafarlausrar riftunar á húsaleigusamningi og verður framleigutaki þá að rýma húsnæðið strax. Framleigutaka er heimilt að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við stjórn SÍM áður en ákvörðun um brottvísun er tekin.
- 15. gr.** Húsaleigusamningurinn öðlast gildi þegar framleigutaki hefur undirritað ofangreindar reglur og samþykkt að hlíta þeim.

Undirrituð/aður samþykkir að hlíta ofangreindum reglum í hvívetna og jafnframt að rýma húsnæðið þegar í stað ef stjórn SÍM krefst þess sbr. 14. gr.
